



## Reglur Fjarðabyggðar um daggæslu barna í heimahúsum og foreldragreiðslur

### I. kafli Almenn atriði

#### 1. gr.

Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar veitir leyfi til gæslu barna í heimahúsum og skulu leyfishafar einir hafa heimild til að taka greiðslu fyrir slíka gæslu.

#### 2. gr.

Skilyrði fyrir leyfisveitingu eru eftirfarandi:

- Umsækjandi hafi náð 20 ára aldri.
- Umsækjandi hafi lokið grunnnámskeiði fyrir dagforeldra á vegum félagsmálanefndar Fjarðabyggðar. Heimilt er að veita undanþágu frá því skilyrði ef umsækjandi hefur menntun á sviði uppeldisfræða, sem metin er fullnægjandi.
- Fyrir liggja sérstakt heilbrigðisvottorð sem staðfestir að ekki séu merki um sjúkdóma eða annað sem hindrað geti að umsækjandi sinni daggæslu. Heilbrigðisvottorð fyrir aðra heimilismenn skal jafnframt fylgja umsókn.
- Fyrir liggja umsögn síðasta vinnuveitanda eða tveggja ábyrgja aðila. Umsögn skal bera með sér að umsækjandi teljist hæfur til að taka að sér daggæslu barna.
- Fyrir liggja sakavottorð sem umsækjandi aflar hjá Ríkissaksóknara.
- Sé sakavottorð ekki hreint metur félagamálanefnd Fjarðabyggðar hvort athæfi, sem fram kemur á sakavottorði, hafi áhrif á hæfni umsækjanda til að hafa barn í umsjá sinni. Afla skal sakavottorðs fyrir aðra heimilismenn eldri en 18 ára með sama hætti. Komi fram á sakavottorði að umsækjandi, eða annar heimilismaður, 18 ára og eldri, hafi hlotið refsíðmál fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla eða XXIII. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, og brotið beinst að einstaklingi undir 18 ára aldri, verður í engum tilvikum veitt leyfi til daggæslu barna.
- Fyrir liggja samþykkt eldvarnaeftirlits á heimili umsækjanda. Skyld er að á heimilinu sé slökkvitæki, reykskynjari og eldvarnateppi í eldhúsi. Kveðið er nánar á um skyldur leyfishafa varðandi öryggisatriði í 25. gr. þessara reglna.
- Fyrir liggja samþykki heilbrigðiseftirlits á heimili umsækjanda.
- Skriflegt samþykki leigusala liggja fyrir ef um leiguhúsnæði er að ræða. Í fjöleignarhúsum þarf samþykki meirihluta íbúa að liggja fyrir.
- Lágmarksleikrými fyrir hvert barn sé a.m.k. 3,5 fermetrar innanhúss. Aðstaða til útivistar skal auk þess vera fullnægjandi og hættulaus, skv. reglugerð um daggæslu barna nr. 907/2005.
- Fyrir liggja umsögn fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar um að umsækjandi hafi hvorki orðið uppvís né sé með rökstuddum hætti grunaður um brot á barnaverndarlögum.
- Fyrir liggja úttekt starfsmanns fjölskyldusviðs á heimili umsækjanda.

Uppfylli umsækjandi ekki öll framangreind skilyrði er heimilt að synja um leyfisveitingu. Synjunin skal vera skrifleg og rökstudd.



**3. gr.**

Skylt er að virða lög um tóbaksvarnir og eru því reykingar bannaðar í húsakynnum þegar starfsemi dagforeldra á sér stað.

**4. gr.**

Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar veitir leyfi til gæslu allt að fjögurra barna samtímis, að meðtöldum þeim börnum sem fyrir eru á heimilinu og eru yngri en sex ára. Að jafnaði skulu eigi vera á heimilinu fleiri en tvö börn undir eins árs aldri.

Eftir að a.m.k. eins árs samfelldan starfstíma er félagsmálanefnd heimilt að veita leyfi fyrir einu barni til viðbótar, enda hafi dagforeldri sýnt af sér hæfni til starfsins og veitt börnum góðan aðbúnað í hvívetna. Aldrei skulu vera fleiri en fimm börn samtímis í gæslu á heimili dagforeldris.

Við leyfisveitingu skal dagforeldri framvísa slysatryggingu barna, eða skírteini samtaka dagforeldra og þar með slysatryggingu barna. Einnig er æskilegt að dagforeldri hafi ábyrgðartryggingu.

Daggæsluleyfi eru að jafnaði veitt til fjögurra ára í senn eftir fyrsta starfsárið.

Sækja þarf skriflega um endurnýjun leyfis. Leggja þarf fram staðfestingu á slysatryggingu barna, heilbrigðisvottorði og sakavottorð.

**5. gr.**

Félagsmálanefnd Fjarðabyggðar er heimilt að afturkalla leyfi bresti forsendur fyrir áframhaldandi leyfi, svo sem vegna þess að dagforeldri uppfyllir ekki lengur skilyrði reglna þessara eða vegna brota á ákvæðum laga og reglna um starfsemi dagforeldra.

**II. kafli**

***Hlutverk eftirlitsaðila***

**6. gr.**

Á vegum fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar er veitt ráðgjöf og haft eftirlit með daggæslu í heimahúsum auk undirbúnings leyfisveitinga.

**7. gr.**

Meginverkefni eftirlitsaðila eru eftirfarandi:

- Hafa umsjón með starfsemi dagforeldra og annast stuðning, fræðslu og ráðgjöf eftir því sem kostur er.
- Kynna formlega starfsemi og starfshætti daggæslunnar þegar umsókn um daggæsluleyfi berst starfsmanni, þ.m.t. reglugerð ráðuneytis og reglur félagsmálanefndar.
- Jafnframt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar varðandi fyrirkomulag daggæslunnar.
- Sinna reglubundnu eftirliti með dagforeldrum eins og kveðið er á um í III. kafla. Fara reglulega í heimsóknir til dagforeldra í heim tilgangi að veita ráðgjöf og stuðning. Stuðningur og ráðgjöf skulu vera virk fyrsta starfsárið, en dregið úr þeim smátt og smátt miðað við aðstæður hverju sinni.
- Skipuleggja fræðslufundi með dagforeldrum og fræðslustjóra Fjarðabyggðar í þeim tilgangi að miðla fræðslu og upplýsingum.
- Halda fundi með dagforeldri og forráðamanni/foreldri barns þegar þess er óskað.
- Sjá til þess að ráðgjöf verði veitt eins og kostur er, ef barn er fatlað. Um slíkt skal þó ætíð hafa samráð við forráðamann barns.



### III. kafli

#### Eftirlit

##### 8. gr.

Eftirlit með starfsemi dagforeldra er skipulagt af félagsmálanefnd.

Eftirlitið er þríþætt og byggir á:

- Innra eftirliti sem felst í mánaðarlegum skilum dagforeldris á yfirliti yfir börn skráð í gæslu í hverjum mánuði, staðfest af forráðamanni hvers barns.
- Þremur óboðuðum eftirlitsheimsóknum á ári þar sem farið er yfir þar til gerðan gátlista um öryggisatriði, aðbúnað og fjölda barna. Gátlistinn er staðfestur af eftirlitsaðila og dagforeldri að lokinni hverri heimsókn.
- Upplýsingum frá forráðamönnum um viðhorf þeirra til daggæslunnar er aflað einu sinni á ári, viðhorfskönnun skal send til foreldra í desember ár hvert.

##### 9. gr.

Haldin skal sérstök skrá um eftirlitsheimsóknir og þær kynntar félagsmálanefnd.

##### 10. gr.

Ef í ljós kemur í eftirlitsheimsókn að öryggisatriðum er ábótavant er farið fram á úrbætur með fyrirmælum sem skráð eru á gátlistann. Ef um fleiri en eitt öryggisatriði er að ræða eða endurtekið tilvik, skal óska eftir úrbótum dagforeldris með skriflegum hætti. Jafnframt skal tilkynna forráðamönnum skriflega það sem er ábótavant. Ef dagforeldri verður ekki við fyrirmælum um úrbætur innan fjögurra vikna skal fara með mál samkvæmt 12. gr.

##### 11. gr.

Ef í ljós kemur að börn eru of mörg í umsjá dagforeldris skal beina skriflegum fyrirmælum til dagforeldris að virða reglur um fjölda barna. Forráðamenn skulu einnig fá skriflega tilkynningu og þeim bent á þeirra eigin ábyrgð. Ef dagforeldri verður ekki við fyrirmælum innan fjögurra vikna skal fara með mál samkvæmt 12. gr.

##### 12. gr.

Ef dagforeldri hefur ekki farið að fyrirmælum sem gefin hafa verið samkvæmt 10. – 11. gr. skal bregðast við með eftirfarandi hætti:

- Dagforeldri skal tilkynnt skriflega að mál hafi verið tekið til meðferðar, tillaga muni verða gerð um leyfissviptingu og henni vísað til afgreiðslu félagsmálanefndar.
- Forráðamönnum skal sömuleiðis kynnt staða máls.
- Við meðferð leyfissviptingarmáls hjá félagsmálanefnd skal gætt málsmeðferðarreglna stjórnsýslulaga. Dagforeldri skal gefin kostur á að koma að athugasemdum sínum og andmælum.
- Komi upp mál sem að mati starfsmanns fjölskyldusviðs telst mjög alvarlegt, getur komið til leyfissviptingar samdægurs.
- Komi til leyfissviptingar skal dagforeldri skila inn leyfi sínu.

### IV. kafli

#### Skýldur forráðamanna

##### 13. gr.

Mikilvægt er að forráðamenn kynni sér vel lög og reglur sem dagforeldrar starfa eftir. Einnig að þeir athugi leyfilegan fjölda barna og aldursskiptingu þeirra áður en dvöl er ákveðin. Ákvörðun um gæslu barns er ætíð á ábyrgð forráðamanns.

JSA



**14. gr.**

Aðlögun að gæslu hjá dagforeldri skal miða við þarfir barnsins og skal forráðamaður dvelja hjá barni sínu í upphafi, eftir nánara samkomulagi við dagforeldri.

**15. gr.**

Nauðsynlegt er að forráðamaður ræði reglulega við dagforeldri um líðan barnsins.

**16. gr.**

Forráðamanni er óheimilt að koma með barn í gæslu ef það er með hita eða greinilega vanlíðan vegna sjúkleika. Barn skal vera einn dag hitalaust heima eftir veikindi. Forráðamaður skal tilkynna dagforeldri ef barn er haldið einhverjum sjúkdómi.

**17. gr.**

Ef breytingar verða á högum barns skal forráðamaður ræða það við dagforeldri. Einnig skal dagforeldri látið vita hver sækir barnið í daggæslu ef breytingar verða þar á.

**18. gr.**

Forráðamanni ber að fara eftir umsömdum gæslutíma og skal koma með barn og sækja það innan þess tíma sem samið er um.

**19. gr.**

Forráðamanni er skylt að tilkynna til fjölskyldusviðs / eftirlitsaðila, ef hann telur daggæslunni ábótavant. Einnig er æskilegt að forráðamaður upplýsi á sama hátt hvernig daggæslan hentar barninu.

**20. gr.**

Forráðamaður getur ávallt leitað til starfsmanns fjölskyldusviðs í fullum trúnaði með öll umkvörtunarefni sem varða daggæsluna.

**V. kafli**

***Skyldur dagforeldra***

**21. gr.**

Dagforeldri ber ábyrgð á barni þann tíma sem það dvelst hjá því og skal það hlúa að andlegri og líkamlegri velferð barnsins í sem víðtækustum skilningi. Á þetta við um fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, útiveru, tilfinningalíf og félagslega líðan barns. Dagforeldri skal sjá til þess að forráðamenn hafi vitneskju um dagskipulag, þ.m.t. matseðil. Bannað er að beita barn andlegu eða líkamlegu ofbeldi.

**22. gr.**

Dagforeldri er skylt að sækja námskeið í slysavörnum barna og eldvarnanámskeið á þriggja ára fresti.

Dagforeldri er skylt að stuðla að öryggi barna í hvívetna og skal sérstaklega huga að því að hafa ákveðin öryggisatriði í lagi, þ.m.t. slökkvitæki, reykskynjara, eldvarnateppi, sjúkrakassa, barnalæsingar á skápum með hættulegum efnum, beisli í öllum barnavögnum og kerrum og öryggishlið fyrir stigum.

**23. gr.**

Áður en gæsla hefst skulu dagforeldri og forráðamaður fara saman yfir reglur þessar, reglugerð ráðuneytis svo og gjaldskrá.

Dagforeldri skal hafa greinargóðar upplýsingar um hvert það barn sem það hefur í gæslu. Einnig ákveður dagforeldri gæslu- og aðlögunartíma hvers barns. Aðlögunartími hvers barns skal vera að lágmarki ein vika og aðeins má vera eitt barn í aðlögun í senn. Dagforeldri skal sýna forráðamönnum heimili, aðstæður inni og úti og skýra frá því hvernig það hagar starfi



sínu. Dagforeldri skal gera forráðamanni grein fyrir aðstæðum sem geta haft áhrif á líðan barns, t.d. ef það er með gæludýr á heimili sínu.

**24. gr.**

Dagforeldri ber að tilkynna forráðamönnum ef eigið barn yngra en sex ára, sem ekki telst til fjölda barna skv. 4. gr., er tilfallandi heima vegna t.d. starfsdaga skóla eða veikinda.

**25. gr.**

Dagforeldri ber að fara með allar upplýsingar sem það fær um einkahagi barns og forráðamanns þess sem trúnaðarmál, svo fremi sem upplýsingarnar varða ekki tilkynningarskyldu samkvæmt 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Dagforeldri ber að undirrita þagnarskyldu, við afhendingu starfsleyfis.

**26. gr.**

Verði dagforeldri þess áskynja að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður eða aðbúnaði þess sé áfátt er því skylt að gera barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar viðvart, samkvæmt 17. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

**27. gr.**

Dagforeldri skal skila mánaðarlega til starfsmanns fjölskyldusviðs, yfirliti á þar til gerðu eyðublaði yfir þau börn sem voru í gæslu í mánuðinum, ásamt staðfestingu forráðamanna þeirra. Öll börn skulu skráð á mánaðaryfirlitið óháð því úr hvaða sveitarfélagi þau koma eða hvort um endurgreiðslu er að ræða eða ekki.

**28. gr.**

Dagforeldri skal tilkynna starfsmanni fjölskyldusviðs fyrirhugaða töku fæðingarorlofs með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Jafnframt skal dagforeldri þá skýra frá ráðstöfunum sem fyrirhugaðar eru varðandi börn sem eru í gæslu hjá því.

Dagforeldri er óheimilt að hefja störf að nýju fyrr en að afloknu fæðingarorlofi.

**29. gr.**

Ef dagforeldri ákveður að hætta störfum ber því að tilkynna með mánaðar fyrirvara til starfsmanns fjölskyldusviðs þær ráðstafanir sem fyrirhugaðar eru varðandi börn sem eru hjá því í gæslu. Dagforeldri ber að skila leyfi sínu þegar það hættir.

Ef dagforeldri vill hefja störf að nýju eru allar aðstæður kannaðar líkt og um byrjunarleyfi sé að ræða.

**VI. kafli**

***Niðurgreiðsla daggæslugjalda til foreldra***

**30. gr.**

Sveitarfélagið Fjarðabyggð greiðir niður daggæslu barna í heimahúsum samkvæmt reglum þessum þegar barnið á lögheimili í sveitarfélaginu.

Niðurgreiðslur skulu miðast við að foreldrar greiði ekki hærra gjald fyrir daggæslu barna í heimahúsum en ef barn viðkomandi væri á leikskóla í Fjarðabyggð.

**31. gr.**

Niðurgreiðsla gjalda vegna daggæslu er háð eftirfarandi skilyrðum:

- Að dagforeldri hafi leyfi félagsmálanefndar Fjarðabyggðar til daggæslu skv. reglugerð Félagsmálaráðuneytisins nr. 907/2005.
- Barn einstæðs foreldris/forsjáraðila sem ekki á kost á leikskóladvöl í leikskólum Fjarðabyggðar og foreldri/forsjáraðili hefur fullnýtt rétt sinn til fæðingarorlofs.

BA



Sé leikskóladvöl hafnað og foreldrar kjósa sjálfir vistun hjá dagforeldri falla niðurgreiðslur niður.

- c. Barn giftra foreldra/forsjáraðila eða foreldra/forsjáraðila í sambúð hefur náð tólf mánaða aldri og á ekki kost á leikskóladvöl í leikskólum Fjarðabyggðar.  
Sé leikskóladvöl hafnað og foreldrar kjósa sjálfir vistun hjá dagforeldri falla niðurgreiðslur niður.
- d. Við upphaf daggæslu skal sótt um niðurgreiðslu á þar til gerðum eyðublöðum í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins. Umsóknir um foreldragreiðslur skv. 8. gr. skal senda í gegnum íbúagátt.
- e. Umsóknir um niðurgreiðslu gilda fyrir allt það tímabil sem viðkomandi barn er í daggæslu hjá viðkomandi dagforeldri, frá þeim degi sem gæsla hefst og til loka daggæslutímabils viðkomandi barns.

**32. gr.**

Sé fjölda klukkustunda í vistun barns breytt er þó þörf á að skila inn nýrri umsókn, með réttum upplýsingum. Ekki eru veittar niðurgreiðslur aftur í tímann, jafnvel þó umsækjandi hafi átt rétt á þeim, en ekki leitað réttar síns.

**33. gr.**

Kvittun frá viðkomandi dagforeldri, staðfest með undirskrift foreldris/forráðamanns hvers barns, skal berast til fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar fyrir 25. dag hvers mánaðar, til staðfestingar á að barn sé í daggæslu hjá viðkomandi dagforeldri.

**34. gr.**

Daggæslugjöld eru greidd niður ellefu mánuði ársins, í upphafi mánaðar.

Ekki er niðurgreitt fyrir börn sem eru í leikskólum og dvelja í daggæslu yfir sumartímann.

Breytist staða foreldra/forsjáraðila á þeim tíma sem barn er í daggæslu hjá dagforeldri skal tafarlaust upplýsa starfsfólk fjölskyldusviðs Fjarðabyggðar um breytingarnar, svo sem um sambúðarform forsjáraðila eða dagvistunartíma barns.

Komi í ljós að rangar upplýsingar hafa verið gefnar til fjölskyldusviðs og niðurgreiðslur hafi þar af leiðandi verið ofgreiddar, eða ef fjölskyldusvið hefur ekki verið tilkynnt um breyttar aðstæður foreldra/forráðamanna, er hægt að krefjast endurgreiðslu frá viðkomandi foreldri/forráðamanni.

**35. gr.**

Verði dagforeldrar uppvisir að rangfærslum við tímaskráningu barna vegna niðurgreiðslu á daggæslugjöldum getur það leitt til sviptingar leyfis til daggæslu og/eða niðurgreiðslur falli niður.

**36. gr.**

Upphæð niðurgreiðslna miðast við þann dagvistunartíma sem foreldrar kaupa af dagforeldri í daggæslu, að hámarki níu klukkustundir á dag á virkum dögum.

Niðurgreiðsla verður aldrei hærri en sem nemur mismuni á heildargjaldi vistunar hjá dagforeldri og heildargjaldi vistunar í leikskóla.

**37. gr.**

Niðurgreiðsla skal greidd af Fjarðabyggð eigi síðar en 5. dag hvers mánaðar.

Handwritten signature or initials in blue ink.



## VII. kafli Foreldragreiðslur

### 38. gr.

Foreldrar geta sótt um foreldragreiðslur ef þeim stendur hvorki til boða vistun hjá dagforeldri né leikskólavistun í þeim byggðarkjarna þar sem barnið á lögheimili. Foreldragreiðslur eru greiddar eftir á, frá fyrstu mánaðamótum eftir að barn nær tólf mánaða aldri.

Undantekningu má veita vegna barns einstæðs foreldris, þar til barninu stendur til boða pláss í daggæslu eða á leikskóla í þeim byggðarkjarna þar sem barnið á lögheimili. Að hámarki eru greiðslurnar inntar af hendi í ellefu mánuði á ári og upphæð greiðslna er kr. 90.000. Ákvörðun um upphæð greiðslna er tekin árlega í tengslum við gerð fjárhagsáætlunar. Ef hvorki er starfræktur leikskóli né starfandi dagforeldri í byggðarkjarna þar sem barnið á lögheimili, má tvöfalda foreldragreiðslur. Að öðru leyti gilda reglur um niðurgreiðslu í heimahúsi m.a. um almennt gjald, sérgjald og systkinaafslátt. Foreldragreiðslur falla niður ef foreldrar hafna tilboði um vistun hjá dagforeldri eða leikskólavist fyrir barn sitt. Ákvörðun fjölskyldusviðs um niðurfellingu er heimilt að skjóta til félagsmálanefndar sem metur málefnalegar forsendur foreldra fyrir að hafna tilboði um gæslu/leikskólavist.

### 40. gr.

Ekki eru veittar niðurgreiðslur aftur í tímann, jafnvel þó umsækjandi hafi átt rétt á þeim en ekki leitað þeirra. Fjölskyldusvið veitir upplýsingar um skilyrði niðurgreiðslna og önnur atriði sem máli kunna að skipta og veitir umsækjendum nauðsynlegar leiðbeiningar og aðstoð við gerð og frágang umsókna. Umsækjandi skal gefa þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að staðreyna megi rétt hans.

### 41. gr.

Félagsmálanefnd getur samþykkt frávík frá þessum reglum í einstökum tilvikum ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi og fyrir liggur faglegt mat fjölskyldusviðs.

### 42. gr.

Félagsmálastjóri tekur ákvarðanir um greiðslur samkvæmt reglum þessum að höfðu samráði við sviðsstjóra. Synjun að hluta eða öllu leyti skal tilkynnt umsækjanda skriflega með rökstuðningi.

### 43. gr.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun til félagsmálanefndar sveitarfélagsins og skal það gert innan fjögurra vikna frá móttöku svarbréfs.

Ákvörðun félagsmálanefndar má skjóta til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð hin kæránlega ákvörðun.

## VIII. kafli Ýmis ákvæði

### 44. gr.

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur gæslusamnings milli forráðamanns og dagforeldris er einn mánuður og skal uppsögn miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar.

### 45. gr.

Komi upp ágreiningur milli forráðamanns barns og dagforeldris getur hvor aðili um sig leitað til starfsmanns fjölskyldusviðs.



**46. gr.**

Félagsmálanefnd fer með úrskurðarvald um ágreining sem upp kann að koma vegna ákvæða þessara reglna. Ákvörðun félagsmálanefndar má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu í félagsmálaráðuneytinu.

**47. gr.**

Reglur þessar eru settar samkvæmt reglugerð nr. 907/2005 um daggæslu barna í heimahúsum, og taka gildi við staðfestingu bæjarstjórnar. Jafnframt falla eldri reglur úr gildi.

Fjarðabyggð 20.nóvember 2020

Jón Björn Hákonarson  
bæjarstjóri

Samþykkt á fundi félagsmálanefndar 10. nóvember 2020

Samþykkt á fundi bæjarráðs 16. nóvember 2020

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 19. nóvember 2020